


Mýrdalshreppur  
Gísli Gíslason,  
skipulagsfulltrúi  
Mýrarbraut 13  
870 Vík



**UMHVERFISSTOFNUN**

Reykjavík, 21. janúar 2010  
UST20100100086/abg

## **Efni: Deiliskipulag þjónustusvæðis við Reynisfjöru í Mýrdalshreppi**

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags 22.desember 2009 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi við Reynisfjöru í Mýrdalshreppi.

### **Reynisfjara- mannvirkjagerð**

Deiliskipulagstillagan nær til 1 ha lóðar við Reynisfjöru í Mýrdal. Gert er ráð fyrir að byggð verði ferðamannaðstaða í 1-2 byggingum sem nýtt verði sem alhliða aðstaða fyrir ferðamenn auch veitingasölu eftir atvikum. Salerni verða annaðhvort í þjónustuhúsi eða sér húsi en á svæðinu er nú þegar lítið snyrtihús og veitingaskáli. Áætlað er að byggingarnar verði samtals 120m<sup>2</sup>. Einnig er gert ráð fyrir bílastæðum við þjónustuhús auch frárennslis og raf- og vatnsveitu.

### **Náttúruminjar**

Ofangreindar framkvæmdir vegna þjónustusvæðis í Reynisfjöru eru innan Dyrhólaóss sem er svæði á náttúruminjaskrá. Í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi með sérstæðum lífsskilyrðum og eru fjörur við Dyrhólaós mikilvægar fyrir fuglalíf en mikið er þar af farfuglum og er viðkoma þeirra samofin þeim vistkerfum sem fyrir finnast á svæðinu. Svæðið allt nýtur einnig mikilla vinsælda meðal ferðamanna. Það er því brýnt að fyrirhugaðar framkvæmdir valdi ekki óþarfa raski á lífríki því er þar finnst.

### **Frárennslu**

Í greinargerð um deiliskipulagstillögu þjónustusvæðisins er gert ráð fyrir að staðsetja hreinsivirkri innan lóðar norðan megin við bílastæði. Á deiliskipulagsupprætti er hreinsivirkioð hinsvegar staðsett austan megin við umrædd bílastæði. Þykir Umhverfisstofnun hér gæta misräemis á upplýsingum. Umhverfisstofnun bendir á að á endanlegan skipulagsupprætt skal merkja staðsetningu rotþrór, og þurfa rotþró og siturlagnir að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíou stofnunarinnar ([www.ust.is](http://www.ust.is)).

### **Rafveita**

Á deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir að rafstöð verði á svæðinu. Ekki kemur fram um hverskonar rafstöð er verið að ræða. Umhverfisstofnun bendir á að ef um er að ræða t.d bensín- eða díselrafstöð þá sé sérlega brýnt að tryggja að þannig sé frá gengið að ekki berist olía út í umhverfið og mengi þannig jarðveg og grunnvatn sem gæti haft slæmar afleiðingar í för með sér fyrir lífríki svæðisins.

### Vegir og bílastæði

Aðkoma að svæðinu verður um Reynishverfisveg. Gert er ráð fyrir bílastæðum við þjónustuhús. Umhverfisstofnun vill benda á að mikilvægt sé að bílastæði verði vel afmörkuð svo komið sé í veg fyrir utanvegaakstur eins og hægt er.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulag aðkomusvæðis í Reynisfjöru, aðrar en þær er að framan greinir.

Virðingarfyllst

H. Birna Guðmundsson

Aðalbjörg Birna

Gutormsdóttir

Hjalti J. Guðmundsson

Sviðsstjóri